

## REGLUGERÐ

### um rækjuveiðar á Breiðafirði 2009.

#### 1. gr.

Á tímabilinu 6. maí til 31. júlí 2009, er skipum sem eru 105 brl. að stærð eða minni heimilt að stunda rækjuveiðar á Breiðafirði, sunnan  $65^{\circ}10'N$  og utan línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Krossnessvita. Við veiðar á þessu svæði skal varpa skipanna búin seiðaskilju, sbr. reglugerð nr. 396, 22. apríl 2005, með síðari breytingum. Afli sem fenginn er við þessar veiðar reiknast til úthafs-rækjuaflla skipsins.

#### 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 5. maí 2009.*

F. h. r.

**Steinar Ingi Mattíasson.**

*Kristján Freyr Helgason.*